

5. apríl 2018

Námskeið á vegum BHM

Seinni hluti vorönn 2018

Árlega skipuleggur BHM margvísleg námskeið fyrir almenna félagsmenn aðildarféлага, kjörna fulltrúa þeirra, starfsfólk og trúnaðarmenn. Þau eru yfirleitt opin öllum félagsmönnum BHM án endurgjalds og er ætlað að styrkja stöðu þeirra á vinnumarkaði. Þessi þáttur í starfsemi bandalagsins á sér m.a. stoð í grein 1.1. í lögum þess og ákvæðum kjarasamninga eða bókunum við þá.

Fræðsludagskrá vorsins 2018 verður skipt upp í tvo hluta. Fyrri hluta, sem er fram að páskum og seinni hluta sem er þá eftir páska. **Á seinni hluta vorannar 2018 verða eftirtalin 7 námskeið í boði.** Í apríl verða námskeiðin jákvæðni og vellíðan í lífi og starfi og notkun sáttamiðlunar á vinnustað. Í maí verður námskeið um að snúa aftur til starfa eftir kulnun. Þá er ætlun BHM að efla fræðslu til félagsmanna, trúnaðarmanna og stjórnenda um kynbundna og kynferðislega áreitni, verða eftirfarandi námskeið í boði varðandi þann málaflökk, trúnaðarmenn, jafnréttislög og #metoo og kynferðisleg og kynbundið ofbeldi á vinnustað. Dagskráin er birt með fyrirvara um breytingar sem, ef út í þær fer, verða kynntar á vef BHM.

Opnað verður fyrir skráningu á vef BHM kl. 12:00 á hádegi föstudaginn 6. apríl nk. (slóðin er: <http://www.bhm.is/um-bhm/fraedsla/dagskrafraedslu/>). Vinsamlegast athugið að fjöldi þátttakenda er yfirleitt takmarkaður – fyrstir koma, fyrstir fá. Til greina kemur að endurtaka einstök námskeið ef aðsókn er verulega umfram laus pláss. **Kennsla fer fram í húsnæði BHM að Borgartúni 6 í Reykjavík, 3. hæð.**

Nokkur af þessum námskeiðum verða einnig haldin á Akureyri í samstarfi við Akureyrarbæ og Ísafirði í samvinnu við Fræðslumiðstöð Vestfjarða en dagsetningar liggja enn ekki fyrir. Opnað verður fyrir skráningu á þessi námskeið á næstu vikum.

Flestum námskeiðum verður streymt á streymisveitu BHM.

11. apríl

Notkun sáttamiðlunar á vinnustað.

Tími:

9:00–12:00

Umsjón/leiðbeinandi:

Lilja Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri Sáttaleiðarinnar ehf.

Lýsing:

Allir þurfa á einhverjum tímapunkti að takast á við ágreining og deilur í starfi sínu. Deilur á vinnustað geta verið gífurlega kostnaðarsamar fyrir fyrirtæki og oft fær ágreiningur að stigmagnast allt of lengi vegna óvissu og stefnuleysis um hvernig best er að takast á við deilumálið. Sáttamiðlun er áhrifamikil og einföld leið til þess að leysa ágreinings- og deilumál

á vinnustöðum og á þessu námskeiði er fjallað sérstaklega um hvaða verkfærum er hægt að beita til þess að grípa fyrr inn í og leysa ágreining farsælllega.

Um námskeiðið

Námskeiðið er 3 klukkustundir. Lögð er áhersla á verkfæri sáttamiðlunar og hvað það er sem sáttamiðlari gerir til þess að aðstoða við úrlausn deilumála. Innsýn er veitt í hvað það er sem veldur helst deilum á vinnustöðum og hvernig við getum gripið inn í sem fyrst til þess að koma í veg fyrir að ágreiningur og deilur stigmagnist.

Markmið

Auk þess að öðlast dýpri skilning á sáttamiðlun sem aðferð, ættu þátttakendur að geta nýtt sér verkfærin í kistu sáttamiðlarans til þess að grípa inn í ágreinings- og deilumál á fyrri stigum. Farið verður í gegnum verklegar æfingar til þess að auka færni þátttakenda í því að nýta sáttamiðlun til það leysa ágreiningsmál.

Fyrir hverja?

Fyrir stjórnendur og mannauðsstjóra sem vilja auka færni sína í því að beita sáttamiðlun til þess að leysa úr ágreiningsmálum á vinnustað.

16. apríl

Jákvæðni og vellíðan í lífi og starfi

Tími:

09:00–12:00

Umsjón/leiðbeinandi:

Ragnheiður Vigfúsdóttir, markþjálfari hjá Zenter ehf.

Lýsing:

Góð líðan leiðir til betri heilsu, meiri sköpunar, betri tengsla, langlífis og bættrar frammistöðu. Á námskeiðinu verða kynntar rannsóknir jákvæðrar sálfræði á því sem einkennir einstaklinga sem ná á farsælan hátt að þroskast og aðlagast ólíkum aðstæðum í lífi sínu. Fjallað verður um tíu leiðarvísa fyrir þá sem vill lifa heilshugar. Rætt verður um þakklæti, seiglu, von og velvild í eigin garð. Einnig um hvíld, leik og sköpun. Námskeiðið er ætlað þeim vilja vera jákvæðir og glaðir í lífi sínu og starfi og vilja fá hugmyndir um hvað þeir geta sjálfir gert til að auka hamingju sína og vellíðan

26. apríl

Trúnaðarmenn og #metoo

Tími:

10:00–12:00

Umsjón/leiðbeinandi:

Andri Valur Ívarsson, lögmaður BHM

Lýsing:

Í upphafi námskeiðsins verður fjallað um helstu lög og reglur sem gilda um kynferðislegt áreitni og kynbundið ofbeldi á vinnustöðum. Síðan verður fjallað um helstu birtingarmyndir kynferðislegs og kynbundins áreitnis og ofbeldis, ytri áhrifaþætti svo sem vinnuaðstæður, stjórnunarhætti og viðhorf í starfshópnum sem geta haft áhrif á hvort upp kemur kynferðislegt og kynbundið áreitni og/eða ofbeldi og hvernig við því er brugðist. Greint verður frá hvaða áhrif kynferðislegt og kynbundið áreitni og ofbeldi getur haft á þolandann. Loks verður fjallað um forvarnir og fagleg viðbrögð við kvörtunum.

3. maí

Kynferðislegt áreitni og kynbundið ofbeldi á vinnustað

Tími:

09:00–12:00

Umsjón/leiðbeinandi:

Rakel Davíðsdóttir, sálfræðingur hjá Líf og Sál

Lýsing:



Í fyrirlestrinum er farið í skilgreiningar og helstu birtingarmyndir kynferðislegrar- og kynbundinnar áreitni, áhættuþætti í vinnuumhverfinu, hvað er eðlilegt/óeðlilegt í samskiptum á vinnustað, að setja mörk og viðbrögð.